



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 4. september 2024

Staðsetning fundar: Teams

Dagsetning: miðvikudagur 4. september 2024 kl. 15:00

Mætt: Íris, Anna Kristín, Anna Sigríður, Sunna, Áróra, Sirrý. Fjarverandi: Elín, Alexander

Fundarritari: Anna Kristín

GBC Iceland – Grænni byggð –stjórn 2024-2025:

1. Íris Þórarinsdóttir (ÍP), formaður - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
2. Anna Kristín Hjartardóttir (AKH), ritari og varaformaður – EFLA - anh@efla.is
3. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir (SHS),gjaldkeri – sunnasigmarsdottir@gmail.com
4. Alexander Helgason (AH), meðstjórnandi– Búseti – alexander@buseti.is
5. Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB), meðstjórnandi – Hornsteinn - sirry@hornsteinn.is
6. Elín Þórólfsdóttir (WP), meðstjórnandi – HMS – elin.thorolfsdottir@hms.is
7. Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ), meðstjórnandi – annasj.ark@gmail.com

Áróra Árnadóttir (ÁA) –framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. Græna skófla

Sýnd voru þau verkefni sem eru tilnefnd eru til Grænu skóflunnar. Ábyrgðaraðilar verkefna eru að vinna í að afhenda nánari upplýsingar til GB og þar með til dómnefndar. Farið var yfir fyrirkomulag dómnefndar.

Stjórn ákvað að AKH skyldi ekki að sitja í dómnefnd þar sem hún vinnur við nokkur þeirra verkefna sem tilnefnd eru.

Kynna mætti Grænu skófluna betur til framtíðar, t.d. á vegum Arkitektafélags Íslands, til að fá fleiri og almennari tilnefningar.

2. Dagur grænni byggðar 25. september kl. 13:00-17:00

Breytingar gerðar á dagskrá, SHS fer út og starfsmaður frá Landsvirkjun fer í pallborð. Farið yfir dagskrá, veitingar og fyrirkomulag meðan á viðburði stendur og áætlaðan heildarkostnað.

3. Nýr starfsmaður Grænni byggðar

Ráðin hefur verið nýr starfsmaður til Grænni byggðar, byrjar 9. september. Farið var yfir starfslýsingu nýs starfsmanns. Starfsmenn GB verða ekki þátttakandi á stjórnarfundum, þeir senda stjórn yfirlit yfir umræðupunkta og samantekt á því sem starfsmenn GB hafa verið að gera síðastliðinn mánuð, yfirlit verður rætt á stjórnarfundum. Nýr starfsmaður kemur á næsta stjórnarfund GB í október.



Nýr starfsmaður heldur utan um tengslahópa en ritarar hópanna verða jafnframt tengiliðir starfsmanns GB inni hópna. AKH verður ritari í hópnum um vistvæna innviði.

Farið var yfir tímaáætlun tengslahópa.

Nýr starfsmaður getur leitað til einstakra stjórnarmanna um stuðning við starfið.

4. Byggjum grænni framtíð - tillögur að aðgerðum stjórnar

Ekki rætt á fundi, framkvæmdastjóri sendir stjórn tillögur að aðgerðum.

Stjórnarmenn mega senda inn tillögur um hvað betur mætti fara á þeirra starfssviði sem gæti orðið aðgerð í BGF.

5. Starf vetrarins 2024-2025

Rætt var um námskeið sem starfsmenn GB eru aðilar að t.d. í HÍ.

Rætt um mögulega morgunfundi, stjórnarmeðlimir komi með tillögur að fundaeefni.

Góð leið að halda fundi með öðrum aðilum t.d. félagasamtökum og stofnunum.

Einnig að svipast um eftir áhugaverðum erindum á vinnustöðum eða- úr öðru nærumhverfi stjórnarmeðlima.

Undirbúa þarf aðalfund í vetur, byrjað hefur verið á að setja upp ársskýrslu sem nýr starfsmaður tekur svo við.

6. Önnur mál

Ákveðið að fá stutta kynningu á stöðu á fjármála GB áður en framkvæmdastjóri fer í orlof. Annar starfsmaður GB tekur við prókúru þegar þegar framkvæmdastjóri fer í orlof.

Farið var yfir verkefni sem eru í gangi, verkefni sem kláruðust á árinu og umsóknir sem fengust 2024 og umsóknir sem verið er að vinna.